

Ágæti viðtakandi

Reykjavík, 20. apríl 2021
UST202010-006/I.M.B.
09.03

Efni: Tillaga að endurskoðaðri friðlýsingu og stækkun fólkvangs í Garðahrauni efra, Garðahrauni neðra, Vífilsstaðahrauni og Maríuhellum lögð fram til kynningar

Samstarfshópur skipaður fulltrúum Umhverfisstofnunar, Garðabæjar, Styrktar- og líknarsjóð Oddfellowa, umhverfis- og auðlindaráðuneytinu og Minjastofnunar Íslands hefur unnið tillögu að endurskoðaðri friðlýsingu og stækkun fólkvangs í Garðahrauni efra, Garðahrauni neðra, Vífilsstaðahrauni og Maríuhellum, sbr. 52. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Tillagan er nú lögð fram til kynningar í samræmi við 39. gr. sömu laga.

Tillöguna að friðlýsingarskilmálum fyrir fólkvanginn ásamt korti af tillögu stækkunar er hér meðfylgjandi og er einnig að finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar á slóðinni:

<https://ust.is/nattura/fridlysingar/fridlysingar-i-kynningu/>

Frestur til að gera athugasemdir við tillöguna er til og með fimmtudeginum 24. júlí 2021. Athugasemdum má skila á heimasíðu Umhverfisstofnunar þar sem tillöguna er að finna, með tölvupósti á netfangið ust@ust.is eða senda með pósti til Umhverfisstofnunar, Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að innsendar athugasemdir eru hluti af stjórnsýslumáli og kunna að verða afhentar þriðja aðila sé þess óskað í samræmi við upplýsingalög nr. 140/2012.

Frekari upplýsingar veita Ingibjörg Marta Bjarnadóttir (ingibjorgb@ust.is) og René Biasone (rene@ust.is) með tölvupósti eða í síma 591-2000.

Virðingarfyllst,

Ingibjörg M. Bjarnadóttir
sérfræðingur

René Biasone
sérfræðingur